
P P.
um hið isl.
Bibliufélag.



Skýrsla

um

gjörðir og fjárhag hins íslenzka biblíufjelags,

eptir Dr. *P. Pjetursson*, skrifara fjelagsins.

Beretning

om

det islandske Bibelselskabs Virksomhed og oeconomiske Status,

ved Dr. *P. Pjetursson*, Selskabets Secretair.

Landsbókasafn

Reykjavík.

Prentuð í prentsmiðju Íslands, hjá E. Þórðarsyni

1854.

Eptir ósk forseta fjelagsins, herra biskups H. G. Thordersens hefi jeg samið þessa skýrslu og dregið hana útaf gjörðabók og öðrum skjölum fjelagsins. Þyki frá einhverju í skýrslunni miður greinilega sagt, verð jeg að kenna það áhöldum þeim, sem jeg hefi haft við að styðjast; en vona þó, að frá henni sje svoleiðis gengið, að lesendurnir geti fengið yfirlit yfir gjörðir fjelagsins yfirhöfuð og efnahag þess, og að hún beri það með sjer, að fjelagið hefur með tilliti til kringumstæðanna afkastað talsverðu og er nú þannig endurbætt og komið í það horf, að það með guðs hjálp getur komið miklu góðu til leiðar hjer á landi, með því að gefa fleiri landsmönnum kost á að lesa heilaga ritningu.

P. Pjetursson.

Efter Anmodning af Selskabets Formand, Herr Biskop H. G. Thordersen, har jeg affattet nærværende Beretning og uddraget Samme af Selskabets Forhandlings-Protocol og övrige Brevskaber. Skulde eet eller andet Punkt synes mindre tydeligen oplyst, turde dette tilskrives Beskaffenheden af de Subsidier, hvor til jeg har været henviist; imidlertid nærer jeg dog det Haab, at Bretningen er saaledes affattet, at den giver Læseren en Oversigt over Selskabets Virksomhed i det Hele og dets oeconomiske Status, samt viiser, at Selskabet efter Omstændighederne har udrettet Betydeligt og er for Tiden saaledes reorganiseret og bragt i den Tilstand, at det med Guds Bistand vil kunne stifte megen Nytte her i Landet, ved at gjöre den hellige Skrift tilgængelig for en större Læsekreds.

P. Pjetursson.



Árið 1815 10. dag júlímánaðar áttu nokkrir embættismenn fund með sjer í Reykjavík í þeim tilgangi, að stofna biblíufjelag hjer á landi; en af því svo margir af helztu mönnum landsins voru fjærstaddir, komu þeir sjer saman um, að slá því á frest árlangt, að semja nákvæmari reglugjörð fyrir slíkt fjelag og kusu nokkra menn úr sínum flokki[1], til sameginlega að rita ýmsum embættismönnum og heldri mönnum útum landið brjef og bjóða þeim, að taka þátt í þessum fjelagskap og sækja fund þann, er ákveðið var, að halda skyldi 9. júlí 1816, til að taka nákvæmari ákvörðun um stjórn fjelagsins og annað þar að lútandi. Árið eptir drógst þó að halda þann ákveðna fjelagsfund þangað til 10. dag septembermánaðar. Þá voru þessir menn

---

[1]) Þessir menn voru: Geir biskup Vídalín, stiptprófastur M. Magnússon, dómkirkjuprestur (nú stiptprófastur) Á. Helgason, Ísl. etazáð Einarsson, landsyfirrjettardómari (seirna amtmaður) B. Thorarensen og landfógeti S. Torgrímsen.



I Aaret 1815 den 10de Juli sammentraadte nogle Embedsmænd til et Möde i Reykjavik, i den Hensigt, at stifte et Bibelselskab her i Landet; men da flere af Landets Notabiliteter vare fraværende, bleve de enige om, at udsætte Udarbeidelsen af et nærmere Regulativ for et saadant Selskab til næste Aar og udnævnte nogle af deres Midte[1], til i Forening at tilskrive, saavel adskillige af Landets Embedsmænd, som andre af den bedre Klasse og anmode disse om, at deeltage i det paatænkte Selskab, samt bivaane det Möde, der var berammet, at skulle afholdes den 9de Juli 1816, forat tage en nærmere Beslutning angaaende Selskabets Bestyrelse, med Mere derhenhörende. Dette Möde blev dog först afholdt den 10de September næste Aar og paa Samme blev Selskabets Bestyrelse

1) Disse Mænd vare fölgende: Biskop G. Vidalin, Stiftprovst M. Magnussen, Domkirkepræst (nuværende Stiftprovst) A. Helgesen, Etatsraad Isl. Einarsen, Landsoverretsassessor (senere Amtmand) B. Thorarensen og Landfoged S. Thorgrimsen.

valdir fyrir stjórnendur fjelagsins: Geir biskup Vídalín fyrir forseta; Ísleifur etazráð Einarsson fyrir varaforseta; Árni stiptprófastur Helgason fyrir skrifara[1] og Sigurður landfógeti Thorgrimsen fyrir fjehirði. Skrifara fjelagsins var þá falið á hendur, að rita öllum prófföstum á landinu og biðja þá, að safna fjelagslimum. Gjörðu landsmenn svo góðan róm að þessu máli, að við árslok 1817 hafði fjelagið fengið í samskotum hjer á landi 1044 rbd. 36 sk. í seðlum; 53 rbd. 92 sk. í smáskildingum, og 72 rbd. $57\frac{3}{5}$sk. í silfri, auk 300 £, sem hið enska biblíufjelag árinu áður hafði gefið því[2]. Með úrskurði frá 5. ágúst 1818 hjet konungur því, að gefa fjelaginu árlega 60 rbd.[3], og margir landsmenn höfðu heitið því árlegum tillögum og jukust svo efni fjelagsins, að árið 1825 átti það nálægt 5000 rbd.

Árið 1816 voru lög fjelagsins samin[4] og samþykkt á fjelagsfundi 5. dag nóvember mán: s. á. og hljóða þau þannig:

---

[1]) Hann hefur síðan haft ritstörf fjelagsins á hendi þangað til 1853, að hann afsalaði sjer þeim og hefur hann þannig þjónað fjelaginu í 37 ár.

[2]) Fyrir þessi 300 £ fengust aðeins 1200 spesíur.

[3]) Smbr. Colleg. Tið. frá 1818 bls. 632.

[4]) af Ísleifi etazráði Einarssyni.

valgt, bestaaende af Biskop G. Vidalin, som Formand, Etatsraad Isl. Einarsen, som Viceformand, Stiftprovst A. Helgesen, som Secretair[1] og Landfoged S. Thorgrimsen, som Casserer; hvorpaa det blev overdraget til Secretairen, at tilskrive alle Landets Provster og anmode dem om, at samle Medlemmer for Selskabet. Denne Sag vandt i den Grad Indbyggernes Bifald, at ved Udgangen af Aaret 1817 havde Selskabet ved indkomne Bidrag her i Landet opsamlet en Capital af 1044 Rbd. 36 Sk. Sedler, 53 Rbd. 92 Sk. Smaacourant, samt 72 Rbd. 57⅜ Sk. Sölv, foruden 300 £, som det *engelske* Bibelselskab Aaret i Forvejen havde skjænket Samme[2]. Ved allerhöjest Resolution af 5te August 1818 gav Kongen Selskabet Tilsagn om en aarlig Understöttelse af 60 Rbd.[3], ligesom ogsaa flere af Indbyggerne havde lovet Selskabet aarlige Bidrag, hvorved dettes Formue saaledes forögedes, at det i Aaret 1825 ejede en Capital af henved 5000 Rbd.

Aaret 1816 bleve fölgende Love for Selskabet affattede[4] og vedtagne paa Sammes Möde den 5te November s. A.:

---

1) Han har siden været Selskabets Secretair indtil i Aaret 1853, da han fratraadte denne Post, efter saaledes at have virket for Selskabet i 37 Aar.

2) Disse 300 £ udbragtes kun til 1200 Spesier.

3 Ivnfr. Colleg. Tid. for 1818, Side 632.

4) Af Etatsraad Isl. Einarsen.

1. Augnamið þessa fjelags, sem er stiptað fyrir uppörfun og tilhjálp þess enska, er ásamt því, að efla yðkun biblíunnar meðal Íslendinga. Jafnframt er vort áform, að lagfærð verði útlegging Nýja Testamentisins og við hentugleika fleiri biblíunnar bóka.

2. Sá, sem gefur 2 ríxort í silfri árlega, eða þeirra andvirði, er á meðan meðlimur fjelagsins og hefur atkvæðisrjett á samkomum þess, þá hann þar mætir.

3. Gefi nokkur 4 spesíur í einu, hafi sama rjett alla æfi og hver sá, sem búinn er að leggja því jafnmikið.

4. Minni gjöfum tekur fjelagið þakksamlega á móti.

5. Til að annast fjelagsins nauðsynjar, velur það árlega á sinni aðalsamkomu, sem halda skal næsta virkan dag fyrir þann 10. júlí, einn forseta, einn varaforseta, einn ritara og einn fjehirðir.

6. Enginn sje kosinn til tjeðra embætta lengur en 3 ár í röð.

7. Forsetanum er tiltrúað, að efla á allan hátt tilgang og framkvæmdir fjelagsins, ákveða stað og tíma fyrir samkomurnar, upp kveða

1. Dette Selskab, der er stiftet ved det *engelske* Bibelselskabs Opmuntring og Understöttelse, har til Formaal, i Forening med dette, at udbrede Bibelens Læsning blandt Islænderne. Ligeledes er det vor Hensigt, at lade Oversættelsen af det Nye Testamente revidere, samt ved Leilighed af flere af Bibelens Böger.
2. Den, som aarlig yder et Bidrag af 2 Rixorter, eller deres Æqvivalent, er saalænge Medlem af Selskabet og som saadan stemmeberettiget paa dets Möder, naar han er der tilstede.
3. Naar Nogen paa eengang giver 4 Specier, erholder han de samme Rettigheder, ligesom ogsaa den, der har ydet et lignende Belöb.
4. Mindre Gaver modtager Selskabet med Taknemmelighed.
5. For at varetage Selskabets Anliggender, vælges aarligen paa dets Generalforsamling, der skal afholdes sidste Sögnedag för den 10de Juli, en Formand, en Viceformand, en Secretair samt en Casserer.
6. Til disse Bestillinger kan Ingen vælges for et længere Tidsrum end 3 Aar efter hinanden.
7. Formanden har paa enhver Maade at fremme Selskabets Formaal og Virksomhed, beramme, hvor og naar Möderne skulle af-

það, sem til yfirvegunar þarf að koma og safna atkvæðum, kalla saman aukafundi, þegar nauðsyn krefur, og afgjöra sjerhvað áliggjandi, sem ei verður haganlega laggt undir atkvæðafjölda, með ráði hinna embættismannanna, þegar sökin nemur því.

8. Hvergi nema á aðalfundum ályktist, hve verja skuli fjelagsins peningum, hve nær, hvar og hvernig prenta skuli þá áformuðu útgáfu biblíunnar og með hvaða verði hana skuli selja. Líka á þá að yfirlíta reikninga, skrif og gjörðir fjehirðis og ritara, en nefnd út veljast, til að yfirvega gjör það, sem ei gefst tími til á fundinum, að grandskoða; eins út veljist þá vissir menn, til að gegnum sjá og gjöra athugasemdir við útleggingarnar, sem ætlast er til, að forsetinn umgangist, að gjörðar verði.

9. Á samkomum sjeu valdir sýslumenn (Commissionærer) fjelagsins, hverjum ritarinn gefi umboðsbrjef með forseta og fjehirðis ráði.

10. Ritarans kall er, að bóka það, sem framfer á fjelagsfundum, geyma þess skjöl og annast þess brjefaskriptir.

holdes, forelægge de Sager, der skulle forhandles, tælle de afgivne Stemmer, sammenkalde Extraforsamlinger, naar fornödent gjöres, samt afgjöre Alt, hvad der ikke passende kan sættes under Afstemning, efter Conference med de övrige Embedsmænd, naar Sagen er af den Vigtighed.

8. Alene paa Aarsmöderne kan det afgjöres, hvorledes Selskabets Midler bör anvendes, samt hvor, naar og hvorledes den paatænkte Udgave af Bibelen skal trykkes og til hvilken Priis den skal sælges. Da bör ogsaa Secretairens og Cassererens Regnskaber og Arbeider eftersees, men en Comite nedsættes, for at tage de Sager under nærmere Overveielse, som der paa selve Mödet ikke er Tid til, tilstrækkeligen at dröfte; ligeledes skulle da visse Mænd udnævnes, forat gjennemsee og gjöre deres Bemærkninger ved de Oversættelser, som det er paalagt Formanden, at lade udarbeide.

9. Paa Möderne vælges Selskabets Comissionærer, som Secretairen har at forsyne med Fuldmagter efter Overlæg med Formanden og Cassereren.

10. Det er Secretairens Sag, að nedskrive, hvad der paa Möderne bliver forhandlet, forvare Selskabets Brevskaber, samt besörge dets Correspondence.

11. Fjehirðisins er, að safna fjelagsins gjöldum og fje frá umboðsmönnum þess, verja því og ráðstafa eptir fjelagsins tilsögn.

12. Allan kostnað, sem fjelagsins þarfir útkrefja, mega embættismenn færa því til reiknings, að undanteknu sjálfra þeirra ómaki.

13. Hverjum fjelagslim skal vera eptirlátið, að selja jafnmikið af þeim bibliubókum, er fjelagið lætur prenta og ásetur, að útbýta fyrir gjafverð, eða með afslætti, sem jafngildir hans gefnu tillögum.

14. Fjelagið tekur þakklátlega móti öllum ráðleggingum, sem miða þess áformi til hags, hvaðan sem koma, en ætlast til, að hver fjelagslimur skriflega meðdeili einhverjum embættismanna sjerhvað, er honum virðist gagnlegt fjelaginu og verður það tekið til yfirvegunar af þeim, sem fjelagsins efnum stýra[1].

Undir eins og fjelagið var stofnað, fór það að hugsa um, að laga hina íslenzku útleggingu biblíunnar og tók í því skyni fyrst fyrir sig Nýja Testamentið; skiptu nokkrir embættis-

---

[1]) Þareð fjelaginu ekki þóktu þessi lög lengur hentug eða eiga vel við, hefur það falið konferenzráði Sveinbjörnsen í hendur, að umbæta þau.

11. Cassereren har at indsamle Selskabets Indtægter og modtage de fra Commissionærerne indkomne Penge, samt anvende disse efter Selskabets Anviisning.
12. Alle de Umgivter, som Selskabets Tarv udkræver, maa Embedsmændene före Samme til Regning, med Undtagelse af deres eget Arbeide.
13. Etvhert af Selskabets Medlemmer staaer det frit for, at disponere over saa mange Exemplarer af det Oplag af Bibelen, som Selskabet agter at lade trykke og uddele, enten næsten gratis, eller for en nedsat Priis, som æqvivalere med de af ham ydede Bidrag.
14. Med Taknemmelighed modtager Selskabet enhver Veiledning — fra hvem den end maatte komme — der sigter til at fremme dets Formaal, ligesom det ogsaa gjör Regning paa, at ethvert Medlem skriftligen vil meddele en af Embedsmændene Alt, hvad han maatte ansee som tjenligt for Selskabet, hvilket da af Bestyrelsen vil blive taget under nærmere Overveielse[1].

Aldrig saa snart var Selskabet stiftet, förend det begyndte at gjöre Revisionen af den islandske Bibel-Oversættelse til Gjenstand for sin Overveielse, i hvilken Hensigt man först tog

[1]) Da Selskabet ikke længer annsaae disse Love for hensigtsmæssige eller tidssvarende, har det overdraget til Konferentsraad Sveinbjörnsen, at omarbeide Samme.

menn bókum þess milli sín og áttu þeir, að senda forseta fjelagsins þýðingar sínar jafnóðum og þeim væri lokið, en hann aptur, að setja nefnd manna, til að yfirlíta þær og laga þar sem þess þyrfti. En bókunum var skipt niður þannig: Vídalín biskup tók að sjer *3 fyrstu guðspjallamennina;* Ísleifur etazráð Einarsson *postulanna gjörninga bók;* Árni stiptprófastur Helgason *Jóhannesar guðspjall;* Steingrímur prófastur (seirna biskup) Jónsson *Rómverja brjefið;* Dr. Scheving *brjefið til hinna Hebresku;* Lector theol: Johnsen *hin önnur brjef Páls postula;* síra Bjarni Arngrímsson *Jakobs — Pjeturs — Iudæ — og Jóhannesar (almennu) brjefin* og Dr. Egilsen *opinberunarbókina.* Meðan á þessu stóð, voru helztu aðgjörðir fjelagsins í því fólgnar, að útbýta gefins meðal fátæklinga, sem óskuðu þess, biblíum frá 1813 og eins Nýja Testamentum, sem prentuð voru sama ár og áður 1807, en að öðru leyti drógu veikindi Geirs biskups mikið úr framkvæmdum fjelagsins frá 1817 til 1820, svo að þessi árin varð ekki einusinni haldinn fjelagsfundur. Eptir fráfall hans 1824 gegndu þeir etazráð Í. Einarsson og lector Johnsen um stund forsetastörfum, þangað til Steingrímur biskup Jónsson, sem valinn var

fat paa det Nye Testamente, hvis Böger bleve fordelte mellem nogle Embedsmænd, som det blev paalagt, at indsende deres Oversættelser, saasnart disse vare færdige, til Formanden, der skulde nedsætte en Comite, for at gjennemsee og, i fornödent Fald, rette dem. Bögerne bleve fordelte paa fölgende Maade: Biskop Vidalin overtog Revisionen af de *3 förste Evangelier*, Etatsraad Einarsen af *Apostlernes Gjerninger*, Stiftprovst A. Helgesen af *Johannis Evangelium*, Provst (senere Biskop) St. Johnsen af *Brevet til de Romere*, Dr. Scheving af *Brevet til de Hebræer*, Præst B. Arngrimsen af de (saakaldte) *almindelige Breve*, og Dr. Egilsen af *Johannis Aabenbaring*. Saalænge dette Arbeide varede, indskrænkede Selskabets Virksomhed sig for förste Delen til, at uddele blandt de Fattige, der önskede det, enkelte Exemplarer af Bibel-Oplaget af 1813, samt af det Nye Testamente, der var udgivet s. A. og forhen 1807; men iövrigt blev Selskabets Virksomhed i Aarene 1817—1820, ved Biskop Vidalins Sygdom i den Grad lammet, at der i dette Tidsrum ikke eengang afholdtes noget Möde i Selskabet. Efter hans dödelige Afgang 1824, udförte Etatsraad Einarsen og Lector Johnsen i nogen Tid Formandens Funktioner, indtil Biskop St. Johnsen, der imidlertid var bleven valgt til Formand, i Aaret 1825 vendte tilbage fra sin

til forseta, kom aptur úr siglingu 1825. Þetta ár var prentaður fyrri hluti Nýja Testamentisins, aptur að Rómverjabrjefinu, í Videy, en næsta ár var prentun alls Nýja Testamentisins lokið, og kostaði prentun þess 774 rbd. 24 sk. r. s. Um sama leyti missti fjelagið nálega allan sjóð sinn — sem þá var orðinn nálægt 5000 rbd. eins og áður er sagt — mest við það, að fjehirðir þess, Sigurður landfógeti Thorgrimsen, varð gjaldþrota, en fjelagið átti hjá honum 3954 rbd. 89 sk.; að sönnu lofaði hann að borga 50 rbd. árlega, að svo miklu leyti sem hann gæti og það meira, sem hann meira gæti; en útaf því kom lítið, þar hann endtist ekki til að borga meir en 100 rbd. alls; líka átti fjelagið nokkuð innistandandi, einkum af tillögum fjelagsmanna og andvirði seldra bóka, hjá Vídalín biskupi, þegar hann dó, og fjekkst ekkert af því, þareð dánar bú hans einnig var þrotabú.

Þegar svo var komið efnahag fjelagsins og sjóður þess nálega allur farinn, var ekki til vonar, að það gæti ráðist í mikið, eða afkastað miklu fyrst um sinn og þókti gott, að það gat goldið prentunar kostnað Nýja Testamentisins. Þó hjelt fjelagið því áfram, eptir sem áður

Reise til Kjöbenhavn. I sidstnævnte Aar blev den förste Deel af det Nye Testamente ind til Brevet til Romerne udgivet paa Vidöe og i det fölgende Aar hele det Nye Testamente, hvis Trykningsomkostninger belöbe sig til 774 Rbd. 24 Sk. r. S. Paa samme Tid tabte Selskabet næsten sin hele Capital — der, som Ovenmeldt, var voxet op til henved 5000 Rbd. — navnlig derved, at dets Casserer Landfoged Thorgrimsen, hos hvem Selskabet havde tilgode 3954 Rbd. 89 Sk., gik fallit. Rigtignok lovede han at tilbagebetale 50 Rbd. aarlig, eller mere, hvis han kunde; men herved vandtes lidet, da han ikke formaaede at betale mere end 100 Rbd. i det Hele. Ligeledes havde Selskabet Endeel Penge, navnlig af de fra Medlemmerne indkomne Bidrag og Betaling for solgte Böger, indestaaende hos Biskop Vidalin, da han döde, hvoraf Intet kunde erholdes, da hans Stervboe ogsaa var fallit.

Da Selskabets oeconomiske Status paa denne Maade var bleven derangeret og dets Casse næsten aldeles tömt, var det ikke at vente, at det kunde foretage Noget af Betydenhed, eller for det Förste udfolde nogen særdeles Virksomhed, ja det maatte endog ansees for heldigt, at det var istand til at betale de med Udgivelsen af det Nye Testamente forbundne Omkostninger. Imidlertid vedblev dog Selska-

við og við, að skrifast á við hið danska og enska biblíufjelag, og eins við hið sljesvíkur-holsteinska. Sömuleiðis hjelt það áfram, að útbýta hinum eldri biblíum og Nýja Testamentum fyrir lítið verð og sumum gefins, en seldi nú hið nýprentaða Nýja Testamenti, hvert á 1 rbd., sem þó seirna var lækkað. Ístað landfógeta Thorgrímsens, var Dr. S. Egilsson 1825 valinn fyrir fjehirði fjelagsins, en Lector Johnsen fyrir varaforseta, og var nú fjelagið orðið svo hyggið af skaða sínum, að það upp frá þessu hefur jafnan keypt konungleg skuldabrjef, svo sjóði þess væri óhætt, hvernig sem fjárhagur gjaldkerans biltist.

Framyfir 1840 voru það nokkrir fjelagsmenn, sem alltaf studdu fjelagið með árlegum tillögum[1], og við og við, (einkum 1827 og 1853) hefur prófföstum útum landið verið skrifað og þeir beðnir, að safna gjöfum handa fjelaginu og hefur það allvíða borið góðan ávöxt, svo efnahagur fjelagsins hefur alltaf smámsaman heldur við rjettst.

---

[1]) Af skjölum fjelagsins sjezt, að árið 1844 hafa þeir biskup St. Jónsson og Dr. Egilsen borgað árstillag, og Lector Johnsen seinast 1843.

bet som forhen af og til at brevvexle med det *britiske*, det *danske* og det *schlesvig-holstenske* Bibelselskab, ligesom det ogsaa fortsatte Uddelingen af de ældre Oplag af Bibelen og det Nye Testamente, deels mod en ringe Betaling, deels aldels gratis; hvorimod man solgte hvert Exemplar af det nys udgivne Nye Testamente for 1 Rbd., hvilken Priis dog senere blev nedsat. Istedetfor Landfoged Thorgrimsen, blev Dr. Egilsen 1825 valgt til Selskabets Casserer, men Lector Johnsen til Sammes Viceformand. Af den lidte Skade blev Selskabet saa forsigtigt, at det fra den Tid af stedse har kjöbt kongelige Obligationer, for at dets Capital kunde være sikkret, hvorledes end Cassererens Formuesomstændigheder maatte forandres.

Udover 1840 vare der stedse nogle af Selskabets Medlemmer, som understöttede det ved aarlige Bidrag[1], og af og til (navnlig 1827 og 1853) har man henvendt sig til Landets Provster, med Anmodning om, at ville indsamle Gaver for Selskabet, hvilket paa flere Steder har baaret gode Frugter og, som Fölge heraf, er Selskabets oeconomiske Status lidt efter lidt bragt i en bedre Tilstand.

[1]) Af Selskabets Papirer seer man, at Biskop St. Johnsen og Dr. Egilsen have i Aaret 1844 erlagt deres Contingent til Selskabet, og Lector Johnsen sidste Gang i A. 1843.

Þegar í öndverðu hafði fjelagið það í hyggju, að gefa út alla biblíuna á íslenzku og láta laga málið á hinni eldri útleggingu, og þó það fyrst yrði að láta sjer lynda, að gefa út Nýja Testamentið eingöngu þannig endurskoðað, og þó fjárhagur þess fengi þann stórkostlega hnekki, sem áður er getið, missti það þó aldrei sjónar á þessu sínu aðaláformi, og árið 1827 var það ályktað á fjelagsfundi, að taka fyrir endurskoðun Gamla Testamentisins; og þeim *5 Mósis bókum* þannig skipt: stiptprófastur Á. Helgason tókst á hendur, að yfirlíta *1stu Mósis bók;* Dr. Egilsen *aðra;* Lector Johnsen *þriðju;* dómkirkjuprestur Oddsen[1] *fjórðu,* og prófastur (nú biskup) H. G. Thordersen *fimmtu;* Dr. Gísla Brinjolvsen var falin á hendur *Jósúa bók*[2]*;* síra Jóni Jónssyni á Möðrufelli *Dómaranna bók;* hann sendi einnig fjelaginu útleggingu yfir spámennina *Esaías* og *Jeremías,* fyrir hvað fjelagið gaf honum 30 rbd.[3]. Prófastur síra Th. Hjálmarsen var beðinn fyrir báðar *Kroniku bækurnar;*

---

[1]) Við fráfall hans, var þetta falið á hendur núverandi dómkirkjupresti síra Á. Johnsen.

[2]) Þegar hann dó, var prófastur síra H. Stephensen beðinn fyrir þetta starf.

[3]) Eptir samþykkt á fjelagsfundi 2. októb. 1837.

Lige fra Begyndelsen af havde Selskabet til Hensigt, at udgive den hele Bibel paa Islandsk, samt lade den ældre Oversættelse revidere, og, skjöndt det först maatte indskrænke sin Virksomhed til at besörge en revideret Udgave af det Nye Testamente og uagtet dets ovenmeldte overordentlige Pengetab, tabte det dog aldrig dette sit Hovedforetagende af Syne, og i Aaret 1827 blev det paa Selskabets Möde besluttet, at foretage Revisionen af det Gamle Testamente, til hvilken Ende de 5 Mose Böger bleve paa fölgende Maade fordelte: Stiftprovst A. Helgesen overtog Revisionen af den *förste Mose Bog;* Dr. Egilsen af den *anden;* Lector Johnsen af den *tredje;* Domkirkepræst Oddsen af den *fjerde*[1], og Provst (nuværende Biskop) H. G. Thordersen af den *femte.* Dr. G Brinjolvsen blev anmodet om, at paatage sig Revisionen af *Iosvæ Bog*[2], Præst J. Johnsen af Mödrufell, af *Dommernes Bog.* Denne indsendte desuden til Selskabet en Oversættelse af Propheterne *Esaias og Jeremias*, hvorfor han af Selskabet oppebar 30 Rbd.[3] Provst Th. Hjalmarsen blev anmodet

---

[1]) Ved hans dödelige Afgang, blev dette overdraget til nuværende Domkirkepræst A. Johnsen.

[2]) Ved hans Död, blev Provst H. Stephensen anmodet om, at overtage dette Arbeide.

[3]) Ifölge Selskabets Beslutning paa dets Möde den 2den Oktob. 1837.

síra Ólafur Johnsen fyrir *Esters bók;* síra Markús Johnsen fyrir *Esra og Nehemías.* Að öðru leyti sjezt það ekki gjörla af gjörðabók fjelagsins, eða öðrum skjölum þess, hvernig hinum bókum Gamla Testamentisins hefur verið ráðstafað; því að sönnu sjezt það, að t. a. m. síra Thómasi prófasti Sæmundsen var falið á hendur, að endurskoða *Rutar bók* og *Samúelsbækurnar,* og núverandi skrifara fjelagsins, *Kónganna bækur;* en báðir skoruðust undan þessu, hinn fyrrtaldi líklega af því, að fjelagið vildi ekki ganga að þeirri uppástungu hans, að útvega á sinn kostnað góðar hebreskar orðabækur og skýringar yfir Gamla Testamentið, og hinn síðartaldi af því hann átti um það leyti ferð fyrir höndum til Kaupmannahafnar. Yfirhöfuð að tala má þó fullyrða, að Árni stiptprófastur Helgason og kennararnir við Bessastaða skóla, einkum Dr. Egilsen, hafa átt mestan og beztan þátt í þessari endurskoðun Gamla Testamentisins og þeim var falið á hendur, að leggja seinustu hönd á þær bækur, sem aðrir höfðu endurskoðað og búa þær undir prentun. Fyrir tilstilli þessara manna, var endurskoðun Gamla Testamentisins lokið 1840, og ári síðar var öll biblían með hinni nýju útleggingu prentuð í

om, at revidere *Krönikernes Böger*, Præst O. Johnsen *Esthers Bog* og Præst M. Johnsen *Esræ Bog* og *Nehemiæ Bog*. Iövrigt kan det hverken af Selskabets Forhandlings-Protocol, eller dets övrige Brevskaber, tydelig sees, hvorledes man har arrangeret Revisionen af de övrige Böger. Vel seer man, at Selskabet f. Ex. har henvendt sig til ProvstTh. Sæmundsen, med Anmodning om, at revidere *Ruths Bog* og *Samuels Bögerne*, samt til Selskabets nuværende Secretair, med Anmodning om, at revidere K*ongernes Böger*; men de undsloge sig begge for at paatage sig dette Arbeide, hiin rimeligviis, fordi Selskabet nægtede at gaae ind paa et af ham gjort Forslag om, for egen Regning at indkjöbe gode hebraiske Ordböger og Kommentarer over det Gamle Testamente, denne, paa Grund af en forestaaende Reise til Kjöbenhavn. Overhovedet tör man dog med Bestemthed sige, at Stiftprovst Helgesen, samt Lærerne ved Bessesteds lærde Skole, navnlig Dr. Egilsen, have havt den störste Andeel i den ommeldte Revision af det Gamle Testamente, ligesom det ogsaa blev overdraget til disse Mænd, at lægge sidste Haand paa de af de Andre reviderede Böger og gjöre dem færdige tilTrykken. Ved disse Mænds Medvirkning, blev Revisionen af det Gamle Testamente tilendebragt i Aaret 1840, og i det fölgende Aar blev hele Bibelen efter den nye Over-

Viðey á kostnað sekretera Ó. M. Stephensens; en fjelagið hafði til þessa lánað honum 3000 rbd. rentu frítt fyrstu 4 árin, en síðan með 4 rbd. vöxtum af 100 rbd., sem honum var leyft að borga í biblíum, hvar af þó fjelagið, eptir bón hans, seirna gaf honum upp eins árs rentu (frá 1844—45), og af sjálfri skuldinni 350 rbd. (1841), „sem ljettir í þeim mikla kostnaði, er þetta verk olli honum“[1].

Jafnframt þessu aðalfyrirtæki, ljet fjelagið sjer alltaf vera mjög annt um, að biblíur þær og Nýja Testamenti, sem hið enska biblíufjelag hafði gefið hingað., gætu komist í sem flestra landsmanna hendur, og í því skyni útvegaði forseti fjelagsins 1842 skýrslur frá prófföstunum um, hve margar af þessum bókum væru eptir óseldar í hverju prófasts-

---

[1]) Sekreteri Stephensen hafði skrifað fjelaginu brjef 17. desemb. 1841 og spurt: hvort apokrypha Gamla Testamentisins reiknuðust með biblíunni? og hvort það, eptir þeim samningi, sem hann þann 24. júni 1839 hafði gjört við fjelagið, væri hans skylda, að prenta þessar bækur með sömu kjörum og hinar? Og svaraði fjelagið þessu á þá leið, að það að sönnu áliti apokryphisku bækurnar heyra til biblíunnar, [redacted] vildi þó veita honum þann ljetti í prentunar kostnaðinum, sem hjer er sagt.

sættelse trykt paa Vidöe for Secretair Stephensens Regning, hvortil Selskabet havde forstrakt ham med et Laan af 3000 Rbd., rentefrit i de förste 4 Aar, men derefter med 4 prCt. Rente, som det tillodes ham, at betale med et vist Antal Bibler, hvoraf Selskabet dog senere, efter hans Begjæring, eftergav ham eet Aars Rente (nemlig for 1844—45), samt af selve Laanet 350 Rbd. (1841), „forat lette ham de store Omkostninger, som dette Arbeide foraarsagede ham"[1].

Ved Siden af dette Hovedforetagende, lod Selskabet sig det være særdeles magtpaaliggende, at paasee, at det Oplag af Bibelen og det Nye Testamente, som det *britiske* Bibelselskab havde skjænket til Island, kunde blive saa udbredt blandt Indbyggerne, som muligt; til hvilken Ende Selskabets Formand i Aaret 1842 indhentede Erklæringer fra Provsterne om, hvor stort et Antal af disse Böger henlaae usolgt

---

[1]) I en Skrivelse til Selskabet af 17de Dec. 1841, havde Secretair Stephensen forespurgt; om de apokryphiske Böger skulde henregnes til Bibelen? samt om han, ifölge den med Selskabet under 24de Juni 1839 oprettede Kontrakt, var pligtig til, at trykke disse Böger paa de samme Betingelser som de övrige? Hvortil Selskabet svarede, at vel maatte man ansee de apokryphiske Böger som henhörende til Bibelen, men at Selskabet dog var villigt til, at tilstaae ham den ovenmeldte Lettelse i Trykningsomkostningerne.

dæmi og fjelagið fjekk leyfi hjá enu enska til að útbýta þeim bæði gefins og fyrir lítið verð, þar sem því þækti tilhlýðilegast og þeirra helzt við þurfa[1].

Við lát forseta fjelagsins, Steingríms biskups Jónssonar, 14. Júní 1845, kom um stund deifð í aðgjörðir þess, svo að ekki var fundur haldinn það ár og lýsti skrifarinn því yfir á fjelagsfundi árinu eptir, að hann frá því árið 1844 hefði ekki orðið var við nein brjef til fjelagsins nema frá hinu danska biblíufjelagi, sem

---

[1]) Af þessum skýrslum sjezt, að árið 1842 hefur af biblíum frá 1813 og N. T. frá 1807 og 1813 ekkert verið eptir óselt í Skaptafells - Rángárvalla - Borgarfjarðar - Mýra - Stranda - Skagafjarðar - og Eyjafjarðar - sýslum. Þar á móti var eptir óselt:

	biblíur frá 1813	N. T. frá 1813	N. T. frá 1807
í Norðurmúla - s.	8 Exx.	„ Exx.	„ Exx.
- Suðurmúla —	81 —	63 —	43 —
- Árness —	2 —	„ —	„ —
- Gullbringu og Kjósar —	232 —	646 —	177 —
- Snæfellsness —	66 —	„ —	„ —
- Barðastr: —	„ —	41 —	„ —
- Húnavatns —	„ —	35	„ —

Frá Þingeyja - og Ísafjarðar sýslum vantar skýrslur um þetta mál.

i deres respective Provstier[1], ligesom man ogsaa erholdt det *britiske* Bibelselkabs Tilladelse til, at uddele meerbemeldte Böger, saavel gratis, som for en ringe Betaling, hvor dette maatte ansees for hensigtsmæssigst og mest nödvendigt.

Ved Selskabets Formand, Biskop St. Johnsens, dödelige Afgang den 14de Juni 1845, indtraadte der i nogen Tid en vis Slaphed i Selskabets Virksomhed, hvorfor der i dette Aar intet Möde afholdtes i Selskabet, og paa det fölgende Aars Möde, erklærede Selskabets Secretair, at han siden 1844 ikke havde seet nogen Skrivelse indkomme til Selskabet, undtagen fra det *danske* Bibelselskab, der, som sædvan-

[1]) Af disse Indberetninger sees, at i A. 1842 har af Bibel Oplaget af 1813 og det Nye Testamente af 1807 og 1813 intet Exemplar henligget usolgt i Skaptefjelds - Rangervalle - Borgerfjords - Myre - Strande - Skagefjords - og Öefjords - Sysseler. Derimod forefandtes henliggende usolgte:

	Bibel Opl. 1813.	Det N. T. 1813	Det N. T. 1807
i Nordermule-S.	8 Exx.	„ Exx.	„ Exx.
- Söndermule —	81 —	63 —	43 —
- Arnes —	2 —	„ —	„ —
- Gullbringe og Kjóse —	232 —	646 —	177 —
- Snæfjeldnæs —	66 —	„ —	„ —
- Bardestrand —	„ —	41 —	„ —
- Hunevands —	„ —	35 —	„ —

Fra Norder- og Isefjords Sysseler mangle Indberetninger om denne Sag.

þá einsog endrarnær sendi hingað skýrslur sínar, og frá hinu norska biblíufjelagi, sem hafði sent hingað 1 exempl. af hinu *lappiska* Nýja Testamenti. Á þessum fjelagsfundi var biskup H. G. Thordersen valinn fyrir forseta þess. Þá voru flestir fjelagsmenn annaðhvort dánir, eða gengnir úr fjelaginu, svo ekki voru eptir nema einir 5; og kom þeim saman um, að gjalda ekki tillög til fjelagsins fyrst um sinn. Þetta ár (18-46) borgaði sekreteri Stephensen fjelaginu aptur lán það, er hann hafði fengið hjá því, til að gefa út bibliuna, og átti það þá við árslok í jarðabókarsjóðnum á vöxtum 3476 rbd., en hjá fjehirði 28 sk. Fyrir tilstilli forseta og skrifara var Nýja Testamentið prentað á kostnað fjelagsins árin 1848 og 49 og löggð upp af því 1000 exemplör; hljóp prentunarkostnaðurinn 834 rbd 64 sk., og var sekretera O. M. Stephensen falin á hendur útsala þess; er hvert exemplar selt á 4 mörk og borgaði sekreterinn 3. ágúst í fyrra 80 rbd. af andvirði þess, sem nemur hjer umbil 160 exemplörum, að meðtöldum sölulaunum.

Þessi árin voru aungvir fjelagsfundir haldnir og ekki fyr en 4. október 1852 og gaf eink-

lig, havde tilstillet Selskabet sine Beretninger, samt fra det *norske* Bibelselskab, der havde indsendt 1 Exemplar af det Nye Testamente i det *lappiske* Sprog. Paa nysnævnte Möde blev Biskop H. G. Thordersen valgt til Selskabets Formand. Da de fleste af Medlemmerne dengang enten vare döde, eller udtraadte af Selskabet, saaledes at der ikke vare tilbage uden 5, bleve disse enige om, indtil videre at ophöre med at erlægge Contingent til Selskabet. Dette Aar (1846) tilbagebetalte Secretair Stephensen det Laan, som han havde faaet af Selskabet, til Udgivelsen af Bibelen, og ved Aarets Udgang eiede Selskabet en Capital af 3476 Rbd., der var indsat til Forrentelse i Jordebogskassen, samt hos Cassereren 28 Sk. Ved Formandens og Secretairens Foranstaltning, blev der i Aarene 1848 og 49, for Selskabets Regning, besörget et nyt Oplag af det Nye Testamente paa 1000 Exemplarer, hvis Trykningsomkostninger belöbe sig til 834 Rbd. 64 Sk. Udsalget af dette Oplag overdroges til Secretair Stephensen og Priisen for hvert Exemplar bestemtes til 64 Sk.; heraf har Secretairen under 3dje August f. A. indbetalt til Selskabet 80 Rbd., hvilket omtrent svarer til Værdien af 160 Ex., Commissionssalairet iberegnet.

I disse Aar blev der intet Selskabsmöde afholdt og ikke förend den 4de Oktober 1852,

anlega tilefni til þessa fundar fráfall fjehirðisins Dr. Svb. Egilsens. Á þessum fundi taldi forseti nauðsyn á því, að endurbæta fjelagið og mundi vera bezt, að byrja þetta með því, smámsaman að fjölga fjelagslimum, og í þessu skyni var ályktað, að gjöra þá konferenzráð Sveinbjörnsen og prófessor P. Pjetursson að orðulimum fjelagsins.

Þá gjörði konferenzráð Sveinbjörnsen, sem var umsjónarmaður dánarbúsins, grein fyrir fjárhag fjelagsins og laggði fram þau konunglegu skuldabrjef og játningarbrjef landfógetans, sem fjelagið á, og átti það í konunglegum sjóði 3801 rbd.; en 24 rbd. 4 sk., sem stóðu inni í búi ens framliðna, gaf fjelagið upp erfingjum Egilsens sáluga, með tilliti til þess, að hann hafði þjónað því svo vel og lengi. Ístað hans var konferenzráð Sveinbjörnsen valinn fyrir fjehirði.

Þó efni fjelagsins þannig hafi á seirni árum aukist vonum fremur[1], mun þó mestallur sjóður þess ganga til, að prenta biblíuna á ný, þegar þess við þarf, sem ekki mun langt að

---

[1]) 11. dag júní m. 1853 var sjóður fjelagsins 3995 rbd. 62 sk.

hvortil Cassereren Dr. Egilsens Död især gav Anledning. Paa dette Möde gjorde Formanden Opmærksom paa, hvor nödvendigt det var, at Selskabet blev reorganiseret, hvortil han foreslog, at gjöre Begyndelsen med, efterhaanden at foröge Medlemmernes Antal, og, som Fölge heraf, blev det vedtaget, at udnævne Konferentsraad Sveinbjörnsen og Professor P. Pjetursson til Selskabets ordentlige Medlemmer. Ved samme Leilighed gjorde Konferentsraad Sveinbjörnsen, som Stervboets Curator bonorum, Rede for Selskabets oeconomiske Status, idet han tillige foreviiste de kongel. Obligationer og Landfogdens Tertiaqvitteringer, der tilhörte Selskabet, og befandtes Selskabet, at eje en Capital af 3081 Rbd., indestaaende i den kongelige Kasse, foruden 24 Rbd. 4 sk. i Dr. Egilsens Dödsboe, hvilke Selskabet eftergav Arvingerne, i Betragtning af hans lange og nidkjære Virksomhed i Selskabets Tjeneste. I den afdödes Sted blev Konferentsraad Sveinbjörnsen valgt til Selskabets Casserer.

Skjöndt Selskabets oeconomiske Status saaledes i de senere Aar over al Forventning har forbedret sig[1], ville dog dets Midler for störste Delen medgaae til, at bekoste et nyt Oplag af Bibelen, hvilket om kort Tid vil blive nödven-

[1]) Den 11te Juni 1853 var Selskabets Cassebeholdning 3995 Rbd. 62 Sk.

bíða þareð seinasta upplagið er næstum því alltsaman út selt[1]. Með tilliti til þessa, og til að efla framkvæmdir fjelagsins yfir höfuð, hefur það enn að nýju leitað fjárstyrks á líklegum stöðum útum landið, og, samkvæmt ályktun fjelagsins frá 4. okt. 1852, rituðu þeir forseti og skrifari öllum prófföstum landsins brjef, dags: 8. jan: 1853, og gjörðu þá í fjelagsins nafni að orðulimum þess[2] og beiddu þá, hvern í sínu

---

[1]) Eptir brjefi sekretera Stephensens til forsetans dags: 10. marz m. þ. á. er allt upplagið út selt nema ein 50 exemplör.

[2]) þessir prófastar voru:

Í Norðurmúla	prófastsdæmi	síra	Stephán Árnason.
- Suðurmúla	——	—	Hallgr. Jónsson.
- Austurskaptafells	——	—	P. M. Thorarensen.
- Vestr ——	——	—	P. Pálsson.
- Rangárvalla	——	—	J. Haldórsson.
- Árnes	——	—	J. K. Brim.
- Borgarfjarðar	——	—	H. Stephensen.
- Mýra	——	—	Ó. Pálsson.
- Snæfellsnes	——	—	E. S. Einarsen.
- Dala	——	—	Th. Jónsson.
- Barðastrandar	——	—	Ó. Sivertsen.
- Vesturísafjarðar	——	—	L. M. Johnsen.
- Norður ——	——	—	Arnór Jónsson.
- Stranda	——	—	Th. Kristjánsson.
- Húnavatns	——	—	J. Jónsson.
- Skagafjarðar	——	—	J. Hallsson.

digt, da næsten hele det sidste Oplag allerede er udsolgt[1]. I Betragtning heraf, samt for at fremme Selskabets Virksomhed i det Hele, har man paa nye sögt at samle Pengebidrag paa de Steder i Landet, som hertil syntes bedst skikkede og, ifölge en af Selskabet den 4de Oktober 1852 tagen Beslutning, har Selskabets Formand, i Forening med dets Secretair, under 8de Jan. 1853 tilskrevet alle Landets Provster og i Selskabets Navn udnævnt disse til *ordentlige* Medlemmer af Samme[2], samt anmodet dem om, at

---

[1]) Ifölge Secretair Stephensens Skrivelse til Formanden af 10de Marts d. A. er det hele Oplag udsolgt med Undtagelse af 50 Exemplarer.

[2]) Disse Provster vare fölgende:

I Nordermule	Provti	Stephán Árnason.
- Söndermule	—	Hallgr. Jónsson.
- Österskaptefjelds	—	P. M. Thorarensen.
- Vesterskaptefjelds	—	P. Pálsson.
- Rangervalle	—	J. Haldórsson.
- Arnæs	—	J. K. Brim.
- Borgerfjords	—	H. Stephensen
- Myre	—	Ó. Pálsson.
- Snefjældnæs	—	E. S. Einarsen.
- Dale	—	Th. Jónsson.
- Bardestrands	—	O. Sivertsen.
- Vesterisefjorðs	—	L. M. Johnsen.
- Norderisefjords	—	Arnór Jónsson.
- Strande	—	Th. Kristjánsson.
- Hunevands	—	J. Jónsson.
- Skagefjords	—	J. Hallsson.

prófastsdæmi, að hvetja presta og aðra heiðvirða menn, til að styrkja fjelagið með fjegjöfum, og ljetu í ljósi, að fjelagið ætlaði sjer, að gjöra þá presta eða leikmenn seirna að fjelagslimum, sem það sæi, að vildu efla tilgang þess. Hvaða árangur þessi tilmæli muni hafa, verður ekki fullsjeð, fyrr en skýrslur um það eru fengnar frá öllum prófköstum landsins; en þó má óhætt yfir höfuð fullyrða, að þessu máli hefur víða verið vel tekið; þannig hefur prófastur síra Jóhann Brím sent fjelaginu 20 rbd.; prófastur síra Ó. Pálsson 78 rbd. 10 sk.; prófastur síra P. M. Thorarensen 2 rbd., og prestur síra Arngr: Bjarnason 2 rbd. Prófastur síra Th. Kristjánsson hefur í brjefi til forseta fjelagsins sagt, að hjá sjer sjeu geymdir 24 rbd. 68 sk., sem hann sendi ekki fyrr en hann fái meira, er hann eigi von á. Síra Magnús Þórðarson, prestur í Norðurísafjarðar prófastsdæmi, hefur og í

- Eyjafjarðar prófastsdæmi síra G. E. Johnsen.
- Þingeyjar —— — H. Björnsson.

Á fjelagsfundi 24. dag aprílm. þ. á. voru þeir landsyfirrjettardómari J. Pjetursson, prestaskólakennari S. Melsted og skólakennari J. Sigurðsson gjörðir að orðulimum fjelagsins. Auk hinna áðurtöldu, er yfirkennari B. Gunlögsen líka meðlimur þess.

opmuntre Præsterne og andre hæderlige Mænd i deres respective Provstier til, at understötte Selskabet med Pengebidrag, med Tilkjendegivelse af, at Selskabet agtede, senere at udnævne de Præster eller Lægfolk til Medlemmer, som viiste Beredvillighed til, at fremme dets Formaal. Hvilken Virkning denne Anmodning vil have, vil först tilfulde viise sig, naar Indberetninger derom ere indkomne fra samtlige Provster; imidlertid tör man dog overhovedet med Bestemthed forsikkre, at denne Sag paa flere Steder har fundet en gunstig Modtagelse; saaledes har Provst I. K. Brim tilstillet Selskabet 20 Rbd.; Provst O. Paulsen 78 Rbd. 10 Sk.; Provst P. M. Thorarensen 2 Rbd., og Præst A. Bjarnesen 2 Rbd. Provst Th. Kristjansen har i Skrivelse til Formanden yttret, at der hos ham vare beroende 25 Rbd. 68 Sk,. hvilke han ikke vilde fremsende, förend han havde faaet flere Bidrag, som han bavde Haab om, at vilde indkomme. Magnus Thordersen, Præst i Norderisefjords Provsti, har ogsaa i Skrivelse

---

I Öefjords Provsti G. E. Johnsen.
- Norder (Thingöe) — H. Björnsson.

Paa Selskabets Möde den 24de April d. A. vare de Herrer Landsoverrets-assessor J. Pjetursson, Docent S. Melsted og Adjunct J. Sigurðsson udnævnte til ordentlige Medlemmer af Selskabet. Foruden de allerede nævnte, er Overlærer B. Gunlögsen ogsaa Medlem af Selskabet.

brjefi til forsetans minnst á gjafir „þar í sveitum“ (48 rbd.), sem færðar sjeu prófasti síra Árnóri (sál.) Jónssyni, en sem engin grein enn þá er gjörð fyrir.

Eptir bón dómkyrkjuprests síra Ásmundar Jónssonar, hefur fjelagið lánað honum 600 rbd. mót veði í fasteign og 3½ % rentu, til að gefa út *bibliukjarna*, sem hann hefur snúið á íslenzku, og sömuleiðis var á fjelagsfundi 9. júlí mán: í fyrra ályktað, að veita Magnúsi kandídati Grímssyni 200 rbd. lán, með sömu kjörum og hinum fyrr nefnda, til að gefa út á prenti íslenzka útleggingu af Herslebs *Bibelhistorie.*

Nú sem stendur (ɔ: 5. maí 1854) er innstæða fjelagsins:

konungl. skuldabrjef:

Nr. 165	að upph.	175 rd	„ ß	4 %	7 rd	„ ß	rent.
— 241	— —	100 —	„ -	3½ %	3 —	48 -	—
— 288	— —	1200 —	„ -	„	42 —	„ -	—
— 297	— —	320 —	„ -	„	11 —	19 -	—
— 305	— —	493 —	68 -	„	16 —	89 -	—
— 401	— —	225 —	„ -	„	7 —	84 -	—
— 465	— —	190 —	„ -	„	6 —	62 -	—
— 551	— —	250 —	„ -	„	8 —	72 -	—
— 576	— —	120 —	„ -	„	4 —	19 -	—
skuldabr. herra Ásm. Johnsens		600 —	„ -	„	21 —	„ -	—

til Formanden omtalt „Gaver i de Egne (48 Rbd.)“, der skulle være indsendte til (afdöde) Provst A. Johnsen, hvorom der endnu mangler yderligere Oplysning.

Efter Domkirkepræst A. Johnsens Anmodning har Selskabet laant ham 600 Rbd. mod Sikkerhed i fast Eiendom og $3\frac{1}{2}$ % Rente, til Udgivelsen af et, af ham paa Islandsk oversat, Udtog af Bibelen; ligeledes blev Kandidat Magnus Grimsen paa Selskabets Möde den 9de Juli f. A. tilstaaet et Laan af 200 Rbd. paa de samme Vilkaar som den förstnævnte, til Udgivelsen af en islandsk Oversættelse af Herslebs Bibelhistorie.

Før nærværende Tid (ɔ: den 5te Mai 1854) bestaae Selskabets Midler af:

Kongel. Obligationer:

Nr.	165	stor	175 Rd	„ β	4 %	Rente	7 Rd	„ β
—	241	—	100 —	„ -	$3\frac{1}{2}$ %	—	3 —	48 -
—	288	—	1200 —	„ -	„	—	42 —	„ -
—	2[illegible]7	—	320 —	„ -	„	—	11 —	19 -
—	305	—	483 —	68 -	„	—	16 —	89 -
—	401	—	225 —	„ -	„	—	7 —	84 -
—	465	—	190 —	„ -	„	—	6 —	62 -
—	551	—	250 —	„ -	„	—	8 —	72 -
—	576	—	120 —	„ -	„	—	4 —	19 -
Hr. A. Johnsens Obligation			600 —	„ -	„	—	21 —	„ -

játn: brjef landfog:

11. júní 1845	90 rd	„ β	$3\frac{1}{3}\frac{0}{0}$	3 rd 14 β	rent.
1. febr: 1853	60 —	„ -	„	2 — 10 -	—
11. júní —	125 —	„ -	„	4 — 36 -	—
5 des. —	150 —	„ -	„	2 — 68 -	—
Hjá fjehirði . .	6 — 90 -				


Landfogdens Tertiaqvitt.:

11. Juni	1845	90 Rd „ β 3½ %	Rente	3 Rd 14 β
1. Febr.	1853	60 — „ - „	—	2 — 10 -
11. Juni	—	125 — „ - „	—	4 — 36 -
5. Dec.	—	150 — „ - „	—	2 — 68 -

Hos Cassereren 6 — 90 -

Rettelser.

Side 11,	Linie 22	ovenfra:	Comissionærer, læs: Commissionairer.
— 13,	L. 5	—	Umgivter læs: Udgivter.
—	- 8	—	Etvhert, læs: Ethvert.
—	- 15	—	förste, læs: störste.
— 31,	- 9	—	Ved, læs: Ved.


Lbs - Hbs / Þjóðdeild
100715577-4

